

80. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 18. mars 2025, kl. 15:00 á netinu.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Íris Hauksdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Katrín Freysdóttir boðaði forföll. S. Guðrún Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki varamann.

Dagskrá

1. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari gerði grein fyrir því að hún hefði enn ekki tekið ákvörðun varðandi starfsmann sem þurfti ráða fyrirvaralaust síðasta haust. Ekki er enn ljóst hvort hans er þörf á næstu önn. Karólína Baldvinsdóttir listakennari fer í námsleyfi á næsta skólaári og enn er ekki ljóst hvernig starf hennar verður mannað. Það er því ekki ljóst á þessum tíma hvort auglýsa þarf eftir starfsfólki.

2. Störf skólanefndar

Skólameistari fór yfir fundaráætlun skólanefndar og þá dagskrá sem þar er gert ráð fyrir. Engar athugasemdir gerðar en uppfæra þarf áætlunina á heimasíðunni.

3. Rekstrarniðurstaða fyrra árs

Elsa Guðrún Jónsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðu síðasta árs. Árið kom mjög vel út og skilaði afgangi. Allar líkur eru á að rekstur yfirstandandi árs verði innan heimilda og komi jákvætt út. Skólameistari lýsti þó yfir áhyggjum af því að launaliður í fjárlögum nægir ekki fyrir launum og er það vegna svokallaðs Tröllaskagasamkomulags sem ekki hefur verið tekið með í kjarasamningum.

4. Erlend og innlend verkefni

Ida sagði frá verkefnum sem eru í gangi. Nemendahópur fór ásamt kennurum og stuðningsaðilum í vel heppnaða ferð til Saldus í Lettlandi í miðannarviku. Um var að ræða Nordplus-verkefni um menningararfleifð og voru nemendur í heimagistingu sem gekk vel. Skólinn í Saldus hefur áður verið með MTR í verkefni og sóttist eftir að komast aftur í verkefni með okkur.

Tveir kennarar auk skólameistara fóru til Fuerteventura á námskeið um sjálfbærni í námi, lífi og starfi. Þar fengu þau góða innsýn í lífið og náttúru Fuerteventura og Kanaríeyja og hvernig má tengja það við Ísland.

Þá fóru aðstoðarskólameistari og kennari til Glasgow í miðannarviku í boði New College Lanarkshire. Sóttu þær svokallaða alþjóðaviku og héldu erindi um skólann og kynntu alþjóðastarf hans. Skólameistari fór á sama tíma og hélt erindi á ráðstefnu í Osló. Þar kynnti hún hvernig við höfum nýtt fjarkennslu til að styrkja framhaldsskólanám í dreifbýli. Var það innlegg í umræðu sem er í Noregi um sameiningu og fækkun framhaldsskóla í dreifðum byggðum.

Ida sagði frá að von er á kennurum frá Lanzarote í starfsspeglun (jobshadowing). Hún sagði aftur frá Nordplusverkefni sem við höfum kallað „drengraverkefnið“. Þar erum við í samstarfi við Grænland og Danmörku og fjallar verkefnið um drengi sem oft eiga undir högg að sækja í skólakerfinu. Verkefnið er ekki nemendaverkefni en von er á

gestum í tengslum við það hingað í apríl. Þá nefndi hún einnig að Nordplus-verkefni, sem skólinn tók þátt í um borgaravitund og þátttöku, fékk viðurkenningu á dögnum sem „best practice“ verkefni.

Lagðar hafa verið inn umsóknir í þrjú verkefni til tveggja ára. Eitt er í gegnum Nordplus og tvö tengjast Erasmus. Annað þeirra er bland af styrkjum til nemenda- og kennaraferða, ásamt styrk til að fá sérfræðing. Nordplusverkefnið heitir „Að brúa huga og menningu gegnum sögur“. Það er með skólum í Finnlandi og Eistlandi. Hitt Erasmusverkefnið er mjög stórt með 5 löndum og heitir „From sea to table“. Ekki verður ljóst fyrr en í haust hvort verkefnið verður samþykkt.

5. Önnur mál

5.1 Gjaldskrár

Á síðasta fundi lagði skólameistari til að tekin yrði ákvörðum um gjaldskrá á næsta skólanefndarfundum. Lagði hún til að gjaldskrá verði óbreytt þar sem í raun eru ekki skýrar heimildir til hækkunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05.